

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, Hafnarfjörður.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. nóvember 2006 staðfest breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2004 frá 20. desember 2002.

Breytingin varðar texta í greinargerð svæðisskipulagsins varðandi fjölda íbúða í Hafnarfirði suður og Hafnarfirði norður sem kemur fram í töflu nr. 3.1 á bls. 47. Breytingin felst í því að íbúðum í Hafnarfirði suður fjölgar um 1400 á byggðasvæði 18 b og verða 5300 í stað 3900. Íbúðum í Hafnarfirði norður fjölgar um 500 á byggðasvæði 18 a og verða 6700 í stað 6200. Einnig er felldur út byggðareitur fyrir blandaða landnotkun eftir árið 2024 austan Krýsuvíkurvegar til móts við Hvaleyrarvatn en gert er ráð fyrir þremur byggðareitum fyrir blandaða byggð til ársins 2024 sunnan væntanlegs Ofanbyggðavegar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 6. nóvember 2006.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.